

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1200/2018, um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri.

1. gr.

Í stað orðanna „V. og VI. kafla“ í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: IV. kafla A, V. og VI. kafla.

2. gr.

Í stað „16. gr.“ í 4. gr. reglugerðarinnar kemur: 3. mgr. 33. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „16. gr.“ í 1. mgr. kemur: 22. og 30. gr.
- b. Í stað orðanna „aldurstengdrar örorkuuppbótar skv. 21. gr.“ í 3. mgr. kemur: aldursviðbótar skv. 29. gr.
- c. Í stað orðanna „aldurstengdrar örorkuuppbótar skv. 21. laga um almannatryggingar og 95% af fjárhæð tekjutryggingar skv. 22. gr. sömu laga“ í 4. mgr. kemur: aldursviðbótar skv. 29. gr. laga um almannatryggingar og 95% af fjárhæð tekjutryggingar skv. 28. gr. sömu laga.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. mgr. orðast svo: Full heimilisuppbót til ellilífeyrisþega skal vera 956.784 kr. á ári. Uppbótin skal lækka um 11,9% af tekjum lífeyrisþegans, sbr. 22. gr. laga um almannatryggingar, uns hún fellur niður. Um útreikning heimilisuppbótar vegna búsetu fer skv. 16. gr. laga um almannatryggingar, um áhrif sveigjanlegrar töku ellilífeyris á heimilisuppbót fer skv. 4. mgr. 19. gr. og um frítekjumörk vegna tekna fer samkvæmt 3. og 4. mgr. 22. gr. sömu laga.
- b. Í stað „756.240 kr.“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: 775.152 kr.

5. gr.

Í stað „4. mgr. 18. gr.“ í 4. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. mgr. 26. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „389.301 kr.“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: 399.034 kr.
- b. Í stað „309.616 kr.“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 317.356 kr.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. mgr. 9. gr., sbr. 14. gr., laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, sbr. einnig 63. gr. og 11. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 54/2023, öðlast gildi 1. júlí 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1436/2022, um breytingu á reglugerð um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 29. júní 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.